

# MYNDLISTAR- VETTVAANGUR

## Myndlist

Bragi Asgeirsson

### Thorvaldsensýningin

Nú munu síðustu forvöð að skoða sýningu þá á verkum Bertel Thorvaldsens, er staðið hefur yfir á Kjarvalsstöðum í nær tvo mánuði. Þykir mér hlýða að minna á þessa stórmerku kynningu á æviferli þessa fræga sonar Íslands og Danmerkur.

Sýningin, sem hlotið hefur allgóða og vaxandi aðsókn síðustu vikurnar, er í sínu ákveðna formi öðru fremur kynningarsýning á list og lífsferli listamannsins. Við eigum nefnilega ekkert húsnæði, er gert getur höggmyndum Thorvaldsens verðug skil. Hún er einmitt sett upp í stíl kjallarasalanna í Thorvaldsenssafninu í Kaupmannahöfn, er hýsa sömu muni.

Uppsetning sýningarinnar hefur tekist mjög vel, og hér hafa Danir búið til verðugan ramma um orðið „intimitet“ (innileiki), sem þeim er svo lagið, en okkur Íslendingum hins vegar svo ósýnt að hagnýta okkur við gerð sýningarsala. Íslenskir sýningarsalir eru yfirleitt kaldir og galopnir eins og til að útiloka, að eitthvað óvænt og spennandi beri fyrir augu manna. Gætu menn rétt ímyndað sér, hvort kaffistofa Kjarvalsstaða væri að jafnaði gáltóm, ef sviðuð stemmning ríkti og í Kjarvalsall núna. Nei, það teldi ég útilokað.

Rétt þykir mér að benda á eitt, sem fram kemur á sýningunni og það er hinn mikli munur á myndum, sem höggvar eru í marmara svo og afsteypum í gísi. Hinar síðarnefndu eru í raun einungis ilmurinn af réttinum, svo maður bregði á orðaleik. Ég minnst hér þess mikla atburðar í lífi mínu, er ég stóð andspænis marmaramyndum Michaelangelos í Flórens forðum daga. Sjaldan hef ég orðið jafn gagntekinn af meistaraugu handbragði eins manns eftir að hafa áður séð hundruð afsteypa sömu verka um alla Evrópu, er mér þótti stórum minna til koma. Það er ekki aðeins efnisáferðin sjálf, sem er svo miklu veigameiri heldur og leikur ljóss og skugga, sem er ólíkt dýpri og tærari.

Ég hef skoðað sýninguna á Kjarvalsstöðum oft og vandlega þó að ég þekki sýningargripina flesta vel eftir ótal heimsóknir á safnið í Kaupmannahöfn, og haft mikla ánægju af.

Áhugaverðast hefur mér máski þótt að fylgjast með viðbrögðum landa minna við skoðun verkanna, en þeir eru yfirleitt mjög forvitnir og andagtugtir frammi fyrir þeim. Miklið af þessu fólki kemur auðsjáanlega ekki almennt á myndlistarsýningar og virðist samt langt að komið. Þá hefur eldri kynslóðin verið nokkuð áberandi á þeim tíma er ég hef verið staddur á sýningunni. Það er gott að virkja þetta fólk til skoðunar sýninga og ætti að verða því til umhugsunar um ve tvang og tilgang listarinnar. Aðsókn á hinar stærri sýningar hefur nefnilega alls ekki vaxið í sama hlutfalli og fjölgun borgarbúa, auðveldari samgöngur og fullkomnari fjölmiðlar. Hér fylgjum við ekki þeirri þróun, er orðið hefur í öðrum Evrópulöndum, þar sem allir salir eru troðfullir er merkar sýningar fara hjá.

Það er vel til fallið, að stefna skólabornum á þessa sýningu fyrri hluta dags, svipað og á Ásgrims-safn svo og á Kjarvals-safn, þegar

það er aðgengilegt. En þessar heimsóknir skólaborna ættu að vera almennari á aðra sýningarviðburði því að hér skiptir meginmáli, að kenna börnum að beita sjálfstæðri hugsun.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefið út vandað rit um líf og starf meistarans — eiginlega heil bók og mun það vandaðasta rit sem gefið hefur verið út í tilefni myndlistarsýningar héraendis. Þannig séd er það sögulegur viðburður og vil ég minna á að það er einungis gefið út í 2.000 eintökum og verður því fljótlega fágætur safngripur.

Sýningin sjálf markar og tímamót um sýningahald á Íslandi ef að líkum lætur og rétt er á málum haldið. Verður trúlega auðveldara að fá hingað til lands hinar merkari sýningar eftir að hér hefur verið haldin sýning á verkum sjálfs Bertel Thorvaldsens. Þókk sé öllum er áttu hér hlut að máli.

stóð Jón ásamt öðrum fyrir stofnun Nýja myndlistarfélagssins og félagsins „Íslensk grafik“ — stóð að kaupum og innflutningi á steinþrykkpressu og fjölmörgum kalksteinum, sem voru raunar fluttir inn sem legsteinar til að létta á tollum(!).

Má geta þess, að steinþrykkpressan hefur verið í gagninu í meir en 20 ár í Myndlista- og handiðaskóla Íslands og gert ómælt gagn til viðgangs listgreinarinnar.


Jón var listrýnir Morgunblaðsins frá 1931—1952 og sennilega fyrsti menntaði myndlistarmaðurinn, sem skrifaði reglulega gagnrýni um myndlistarviðburði héraendis. Þrátt fyrir að hann væri umdeildur gagnrýnandi og þætti af mörgum íhaldssamur vakti hann fyrstur manna athygli á þeim tímamótum er sýningar Þorvaldar Skúlasonar og Svavars



Jón Þorleifsson listmálari mun hafa borið höfuð og herðar yfir samtímamenn sína um félagsþroska — vænn maður og höfðingi heim að sækja.



Bertel Thorvaldsen var mjög lifandi í frumríssum sínum svo sem sjá má af þessari teikningu.



Heba eftir Bertel Thorvaldsen

### Jón Þorleifsson

Um það leyti er Thorvaldsensýningunni er að ljúka, hefur í salarkynnum Listasafns Íslands verið opnuð yfirlitssýning á verkum Jóns Þorleifssonar listmálara (1891—1961).

Skyldan kallar, að vekja athygli á þessari sýningu strax í upphafi vegna þess að hér kemur ekki aðeins í ljós, að um ágætán málara var að ræða, heldur og einn víðsýnasta félagsmálafrömuð íslenskrar myndlistar á þessari öld — þannig að naumast verður betur gert. Jón Þorleifsson var einn af stofnendum Félags íslenskra myndlistarmanna og má heita öruggt, að þróun þessa félagssskapa hefði orðið önnur ef margir hans líkir hefðu haldið þar um stjórnvöl. Hann var og einn af stofnendum Bandalags íslenskra listamanna. Þá var Jón aðalhvata-maðurinn að byggingu Listamannaskálans gamla við Kirkjustræti og lagði þar aleigu sína að veði. Sú bygging er tvímælalaust glæsilegasta framtak á íslenskum myndlistarvettvangi fyrr og síðar og mun enginn íslenskur myndlistarmaður hafa sýnt víðlíka félagsþroska og hér kom fram. Þá var það fyrir baráttu hans og fleiri góðra manna, að Listasafn Íslands var á sínum tíma úthlutað efstu hæðinni í hinni nýju Þjóðminjasafnsbyggingu, og var sú hæð hönnuð fyrir listasafnið. Þá

Guðnasonar boðuðu á vettvangi íslenskrar myndlistar.

— Það sem mér þykir athyglisverðast við þessa miklu upptalningu, er hin mikla þögn er ríkt hefur fram til þessa um hinar miklu athafnir þessa manns á íslenskum myndlistarvettvangi og má hér til sanns vegar færa „að fæstir njóta eldanna, er fyrstir kveikja þá“.

Það var tími til kominn, að þessi maður fengi uppreisn æru og verðuga yfirlitssýningu. Kemur hér fram að ekki er hægt að fela endalaust hið rétta samhengi sögunnar — það kemur fram um síðir hvernig svo sem óþrúttir hamast.

Væri vel, að myndlistarmenn sjálfir reistu honum minnisvarða og hefðu forgöngu um útgáfu bókar um list og athafnasemi málara Jóns Þorleifssonar.

Ber að þakka Listasafni Íslands framtakið þótt full seint sé á ferðinni...

### Til varnar íslenskum konum

Guðbergur Bergsson virðist í skrifum sínum hafa íklæðst gervi „tannhvassar tengdamómmu“ er lætur gaminn geysa meir af kappi en forsjá. Það kom greinilega fram í skrifum hans á dögum um er báru yfirskriftina „Ljósir vindar vefa“. — Fyrst sallar hann niður sýningu nokkurra ungra

textílkvenna í Listasafni alþýðu og þó sú sýning hafi illu heilli farið farmhjá mér tel ég að hér hafi ómaklega verið að verki staðið.

Textíl er ung listgrein héraendis og verðskuldar duglegan vind í seglin hjá þeim er um myndlist rita — einnig í formi málefnalegrar gagnrýni, sem hér var ekki til að dreifa. Líktust skrifin einna helst stíllæfingum hins snjalla rit höfundar er vill ólmur koma á framfæri viðamikilli þekkingu sinni. Guðbergur gætir þess ekki, að með slíkum niðurrifsskrifum skipar hann sér óafvitandi í flokk þeirra gróðapunga er gera vilja Ísland að einskona Hong Kong norðursins í hvers konar „Trommusals“-framleiðslu hönnunar og listiðnaðar. Hreystilegra hefði verið að fjalla á þennan hátt um sýningu Gefjunar í vestri gangi Kjarvalsstaða nú nýlega — en þar höfðu erlendir hannað nær alla hluti sem svo eru seldir út-lendingum sem íslensk framleiðsla og hönnun. Eins og ullarvörurnar, sem eru auglýstar sem íslensk ull þótt frá Nýja Sjálandi komi. Minni á, að er ég sagði finnskum listamanni í Helsingfors, er keypt hafði sér dýrindis ullarflik heima á Íslandi, að ullin væri blönduð ull frá NS — varð maðurinn svo vondur að hann fór úr henni og kastaði af alefli á gólfid — þetta sýnir einna skýrast mikilvægi þess, að gera alla hluti

alíslenska, hönnun sem efni — ella er þetta svonefnd Hong Kong-framleiðsla. Við eigum hæfileikamiklar konur á sviði textíla en þær þurfa nauðsynlega að fá verðug verkefni og meðbyr, skiptir hér engu máli þótt karlpeningurinn hafi aðallega stundað þessa listgrein árið sautjánhundrað og súrkál frekar en að sagt hefur verið að löngu fyrir Krists burð hafi konur píssað standandi í Egyptalandi en karlmenn hins vegar sitjandi.

Þarnaest vikur Guðbergur að sýningu minni að Kjarvalsstöðum og er þá fiðringurinn í rithöfundinum í hámarki. Telur hann hjart-sýni mína jafnvel elliglöp og vitnar í heimspekinginn Nietzsche um hið eilífa afturhvarf. Því er til andsvara, að ef rík lífsbjargarviðleitni, atorka, áleitni forvitni og sköpunargleði telst til elliglapa vil ég frekar gangast undir þau en það æskufjör er byggir á lífsleiða, þunglyndi, niðurrífi, hatri og sjálfsselsku.

— Ég vísa til og minni á hið víðurkennda afturhvarf til dadaismans er lengi hefur verið á oddinum undir öðru nafni og nú síðast afturhvarf til málverksins. En svo í mínu tilviki þótti hæfa að þreifingar í átt til hreina málverksins, jafnvel þótt á annan hátt væri en ég hef áður málað — væru lagðar fram í niðrandi